



Borgarstjórnin í Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/1237**  
**komudagur 25.1.2008**

Reykjavík, 24. janúar 2008  
R07120082  
175  
ÓKH/jb

Alþingi - Menntamálanefnd

150 REYKJAVÍK

***Frumvarp til laga um grunnskóla - umsögn***

Á fundi borgarráðs í dag var samþykkt umsögn borgarlögmanns frá 22. þ.m. um frumvarp til laga um grunnskóla.

Umsögnin, sem fylgir í ljósriti, er hér með send menntamálanefnd Alþingis.

Ólafur Kr. Hjörleifsson  
e.u.

Afrit:  
Borgarlögmaður



6

Reykjavík, 22. janúar 2008  
R07120082  
175  
KSt/ás

Borgarráð

### ***Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um grunnskóla.***

Með bréfi, dags. 12. desember sl. sendi menntamálanefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um grunnskóla. Frestur til að skila umsögn um frumvarpið var til 22. janúar sl. en undirrituð óskaði eftir framlengdum fresti til 25. janúar. Í erindi menntamálanefndar var mælt til þess að frumvörpin yrðu sérstaklega kynnt fyrir foreldrafélögum og/eða nemendafélögum. Vegna skamms frests til að vinna umsögnina sem að stórum hluta lenti inni í jólafríi skólanna reyndist ómögulegt að verði við þeirri málaleitan. Undirrituð hefur yfirfarið frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir:

#### ***Almennt um frumvarpið.***

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum sveigjanleika og fjölbreytileika í skólamálum sem ber að fagna þannig á að stuðla að meiri samvinnu milli skólastiga og auðvelda nemendum að flytjast á milli skólastiga þegar þeim hentar. Verður það á valdi skólastjóra að ákveða hvenær unnt er að útskrifa grunnskólanemanda. Kveðið er á um rétt nemenda til að velja námsaðferðir, viðfangsefni og námsgreinar. Sérstakt fagnaðarefni er að nú er gert ráð fyrir heimild til þess að reka saman í einni stofnun leik- og grunnskóla og jafnvel leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Þótt Reykjavíkurborg reki ekki tónlistarskóla er þetta engu að síður jákvæð breyting.

Athygli vekur að mjög víða er fjallað um skyldur sveitarstjórna, skólastjóra, foreldra og nemenda en hvergi minnst á skyldur kennara. Mætti af lestri frumvarpsins næstum ætla að kennarar kæmu lítið sem ekkert að skólastarfinu.

Ýmis ákvæði þessa frumvarps munu hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin þótt óljóst sé hversu mikill sá kostnaðarauki verður. Því er mikilvægt áform menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um söfnun upplýsinga og þróun mælikvarða til að meta kostnaðaráhrifin gangi eftir.

#### **Um 5. gr.**

Í ákvæðinu er m.a. tekið á þeim tilvikum þegar börn vistast í tímabundnu fóstri á vegum barnaverndaryfirvalda utan lögheimilissveitarfélags. Segir í 3. mgr. að sveitarfélögum sé skylt að sjá til þess að skólaskyld börn njóti skólavistar. Sömu skyldur hvíli á sveitarfélögum ef sá sem fer með forsjá barns, þ.e. fósturforeldri, á lögheimili í sveitarfélaginu *enda semji sveitarfélög sín á milli um skólavist barna*. Upp hafa komið tilvik þar sem ekki hefur samist milli sveitarfélaga um skólavist barna í fósturvist og því ekki tók á að barnið sæki skóla á meðan á fósturúrræðinu stendur. Slík staða hamlar starfi barnaverndaryfirvalda auk þess sem hún gengur

gegn skýlausum rétti barnsins til að njóta skólavistar. Er því lagt til að síðari hluti 2.ml. 3. mgr. 5. gr., þ.e. „*enda semji sveitarfélög sín á milli um skólavist barna*“ , falli brott og að við bætist nýr málslíður svohljóðandi:

*„Skulu sveitarfélög gera með sér samning um skólavist barns þegar svo háttar til.“*

Með þessari breytingu er kveðið skýrt úr um að réttur barnsins til skólavistunar gengur framár og er ekki bundinn við að samningar milli sveitarfélaga hafi náðst. Hinn nýi málslíður er jafnframt bæði eðlilegur og nauðsynlegur svo unnt sé að undirbúa fósturvistun barnsins og móttöku nemandans í skólanum.

#### Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um verkefni skólanefndar en menntaráð fer með hlutverk skólanefndar hjá Reykjavíkurborg. Með ákvæðinu er skólanefnd falið að staðfesta áætlun skóla ár hvert auk þess sem nefndin skal fylgjast með gerð skólanámskrár. Blasir við að þessar nýju skyldur munu hafa í för með sér kostnaðarauka enda fer menntaráð Reykjavíkurborgar með eftirlit með um 40 grunnskólum í borginni. Má velta fyrir sér þörfinni á því að skólanefnd staðfesti starfsáætlanir einstakra skóla og hvort ekki dugi og sé jafnvel meira í samræmi við sjálfstæði grunnskólanna að starfsáætlanir skóla séu lagðar fyrir skólanefnd til kynningar svo nefndin geti sinnt eftirlitsskyldu sinni varðandi framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu sbr. c-liður 6. gr. frumvarpsins.

#### Um 7. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um verkefni og ábyrgð skólastjóra. Þannig segir að skólastjóri sé forstöðumaður grunnskóla, stjórn honum og veiti faglega forustu. Reykjavíkurborg saknar þess að ekki er í ákvæðinu minnst á rekstrarlega ábyrgð skólastjóra og leggur til að 1. ml. ákvæðisins verði svohljóðandi:

*„Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega og rekstrarlega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn.“*

Í 3. ml. 1. mgr. er kveðið á um að skólastjóri boði til kennara- og starfsmannafunda svo oft sem þurfa þyki. Sé almennt talin þörf á því að kveða á um jafn sjálfsgæða skyldu skólastjóra og að halda fundi með starfsmönnum er lagst gegn því að greint sé á milli starfsgreina í skólanum með þeim hætti sem gert er í ákvæðinu. Má í því sambandi vekja athygli á því að í dag sitja ekki aðeins kennarar svonefnda „kennarafundi“ heldur sitja þar einnig aðrir fagaðilar sem starfa í skólum, s.s. þroskaþjálfar, námsráðgjafar og félagsráðgjafar. Er því lagt til að 3. ml. 1. mgr. 7. gr. verði svohljóðandi:

*„Skólastjóri skal halda fundi reglulega með starfsfólki skóla.“*

Ákvæði 7. gr. frumvarpsins felur í sér meira svigrúm til þess að ákveða fyrirkomulag stjórnunar einstakra skóla og er þannig t.d. ekki lengur skylt að hafa aðstoðarskólastjóra í skólum sem eru yfir vissri stærð. Þannig getur skólastjóri, gangi frumvarpið eftir, ákveðið að hafa ekki aðstoðarskólastjóra en í hans stað aðra stjórnendur, s.s. deildarstjóra, stigstjóra, fagstjóra o.s.frv. Skal einn þeirra þá vera staðgengill skólastjóra. Ber að fagna þessari breytingu. Hins vegar má kveða með skýrari hætti á um að sveitarstjórn skuli samþykkja fyrirkomulag stjórnunar í

einstökum grunnskólum. Því er lagt til að fyrri málsliður 2. mgr. 7. gr. orðist svo:

*„Skólastjóri leggur fyrir sveitarstjórn til samþykktar tillögur um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla.“*

#### Um 8. gr.

Ákvæðið kveður á um að við hvern grunnskóla skuli starfa skólaráð sem komi þá í stað kennararáðs og foreldraráðs. Skal skólaráðið vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins. Bent er á líklegan kostnaðarauka vegna setu foreldra og fulltrúa grenndarsamfélagsins í skólaráði. Leiða má að því líkum að ef gerð er krafa um að foreldrar og fulltrúar grenndarsamfélagið komi inn í starf skólans á daglegum vinnutíma skóla að það verði ekki gert án þess að til greiðslu þóknunar komi vegna setu slíkra funda. Enn líklegra er að erfitt verði að koma slíkum fundum við á skólatíma vegna vinnu foreldra og að slíkir fundir verði þá haldnir að loknum almennum vinnudegi og þá með yfirvinnugreiðslum til fulltrúa kennara og annars starfsfólks í skólaráði.

#### Um 9. gr.

Athygli vekur að aðeins er með almennum hætti fjallað um að hlutverk foreldrafélags. Þannig segir að hlutverk þess sé að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Hvergi er gert ráð fyrir þeirri sjálfsögðu kröfu að foreldrar eigi rétt á upplýsingum um kennsluhætti og árangur skólastarfs, s.s. hvernig hann er mældur eða almennri aðkomu foreldra að umræðum og skoðanaskiptum við skólastjórnendur og kennara um þessa þætti mála. Þá er ekki gert ráð fyrir að foreldrafélagið fái til umsagnar starfsáætlun og aðrar áætlanir varðandi skólahaldið, að ekki sé minnst á áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla. Þetta eru hins vegar allt saman áætlanir sem nemendafélag skóla á að fá til umsagnar, sbr. 10. gr. Þótt vissulega sé mikilvægt að nemendur hafi eitthvað um fyrirkomulag skóla og kennslu að segja þá vekur óneitanlega furðu þetta misræmi milli aðkomu foreldrafélags og nemendafélags. Að eina formfasta aðkoma foreldra að málefnum skóla sé í gegnum skólaráðið er ekki í neinu samræmi við áherslu á samstarf foreldra og skóla. Brýnt er að ákvæðið sé endurskoðað í samræmi við framangreind sjónarmið.

#### Um 11. gr.

Lagt er til að í stað þess að tala um starfslið við skóla sé talað um *starfsfólk*.

Í 3. mgr. er lagt bann við því að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hafi refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Í nýsamþykktum æskulýðslögum nr. 70/2007 er að finna sambærilegt ákvæði. Lagt er til að ákvæði 3. mgr. taki mið af því ákvæði enda óheppilegt og örðugt í framkvæmd að fylgja ákvæðum laga sem gilda um starf með börnum sem eru ekki að öllu leyti samhljóða. Má t.d. sjá fyrir sér að sami starfsmaður vinni bæði sem skólaliði í grunnskóla og heyri þá undir lög um grunnskóla og svo í lengdri viðveru á vegum ÍTR að loknum skóladegi og heyri þá undir æskulýðslög. Þá skarast gildissvið ákvæðanna því 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga tiltekur yfirmenn skóla. Til viðbótar þessu er vert að vekja athygli á því að ákvæði samhljóða því sem hér um ræðir er að finna í frumvarpi til laga um leikskóla. Þrátt fyrir það er ekki samræmi milli athugasemda við frumvarpsákvæðin. Þannig segir í athugasemd við 11. gr. frumvarps til grunnskólalaga að um sé að ræða nýtt ákvæði en í frumvarpi til

leikskólalaga segir um 6. gr. sem er eins og áður segir samhljóða því ákvæði 11. gr. frumvarps til grunnskólalaga að fyrirmyndina sé að finna í æskulýðslögum sem aftur eigi sér fyrirmynd í 2. mgr. 36. gr. barnaverndarlaga. Þetta mun þannig ekki aðeins valda „praktiskum“ vandræðum í framkvæmd eins og áður er rakið heldur einnig við túlkun ákvæðanna. Varað er sterklega er við því að svo mismunandi ákvæði gildi um starfsmenn sem vinna með börnum og því eindregið lagt til að fyrirmynd ákvæðis 3. mgr. 11. gr. verði ákvæði æskulýðslaga og það verði því svohljóðandi:

*„Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 á síðastliðnum fimm árum. Skólastjóri á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um starf, hefur hlotið dóm vegna brota sem ákvæðið tekur til, að fengnu samþykki hans.“*

#### Um 12. gr.

Alfarið er lagst gegn því að í lögum um grunnskóla sé fjallað um rétt kennara til símenntunar. Engin dæmi eru fyrir því að í sérlægum sé fjallað um símenntunarrétt einstakra fagstétta sem viðkomandi lög ná til. Verður ekki séð hvaða rök kalla á að farið sé með þessum hætti inn á svið sem almennt er leitt til lykta í starfsmannastefnum sveitarfélaga og í kjarasamningum sveitarfélaga og viðsemjenda þeirra, aðeins af því að kennarar eiga í hlut. Slíkt gildir ekki um félagsráðgjafa, sálfræðinga og aðra starfsmenn sem starfa við félagsþjónustu sveitarfélaganna, heilbrigðisfulltrúa, bókasafnsfræðinga, byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, barnaverndar-starfsmenn o.s.frv. Og hvað með annað starfsfólk við grunnskóla, s.s. námsráðgjafa, sálfræðinga og þroskaþjálfara. Í öllum framanröktum tilvikum er þörf á vel menntuðu fagfólki sem viðheldur menntun sinni. Því er lagt til að ákveðið í heild falli brott.

#### – Um 14. gr.

Lagt er til að í 1. mgr. sé talað um hliðsjón af þroska barns, ekki aldur og ákvæði verði svohljóðandi:

*„Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af þroska.“*

Í 3. mgr. er það nýmæli að gert er ráð fyrir að komið geti til ótímabundinnar brottvikningar úr skóla. Þótt fallast beri á að rétt sé í lögum að gera ráð fyrir ótímabundinni brottvikningu nemenda úr skóla verður að vera ljóst að slíku úrræði ber aðeins að beita í ítrustu tilvikum og að ætíð skuli gæta meðalhófs við ákvörðun á því að beita því úrræði. Þótt tekið sé fram að um slíka ákvörðun skuli gilda ákvæði stjórnsýslulaga væri það til skýringar og til frekari tryggingar því að meðalhófs verði gætt ef í nefndaráliti væri þetta skýrt nánar og þar tiltekin dæmi um hvenær málefnalegt gæti verið að beita úrræðinu, s.s. ef um alvarlegt eða ítrekað líkamlegt ofbeldi af hálfu nemanda væri að ræða, dreifingu fíkniefna eða svipuð brot.

#### Um 16. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að greina skuli foreldrum frá möguleikum á tálkaþjónustu. Orðalagið er óljóst og því er lagt til að foreldrum sé greint frá rétti þeirra til tálkaþjónustu.

### Um 17. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um auknar skyldur grunnskólans við nemendur með sérþarfir. Við blasir að þetta mun þýða aukinn kostnað án þess að hægt sé að leggja mat á hversu mikil aukning kostnaðar er um að ræða þar sem ráðherra er ætlað að kveða nánar á um framkvæmd ákvæðisins. Ætíð er óheppilegt að fela ráðherra að kveða á um kostnaðarsamar skyldur sveitarfélaga í reglugerð, þótt í einhverjum tilvikum verði því ekki forðað. Almennt á að gera slíkt með lögum eins og frekast er kostur.

Mjög nauðsynlegt er að reglugerð ráðherra stuðli að samræmingu í framkvæmd þannig t.d. börn sem ekki geta sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda njóti sambærilegrar kennslu óháð búsetu. Er brýnt að menntamálanefnd Alþingis geti þessa í nefndarálitinu sínu.

Ákvæði 5. mgr. 17. gr. kveður á um ákvörðunarvald skólastjóra ef ekki næst samkomulag milli foreldra og grunnskóla um skólavistun nemanda. Lagt er til að aftan við 1. ml. bætist eftirfarandi:

*„Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af álitinu sérfræðinga og með heildarhagsmunum barnsins að leiðarljósi.“*

### Um 18. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um rétt foreldra á upplýsingum um skólastarfið og skólagöngu barna sinna. Vakin er athygli á því að ákvæðið nær aðeins til þess foreldris sem fer með forsjá barnsins ekki til forsjárlaus foreldris, en foreldrar eru samkvæmt 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins þeir sem fara með forsjá barna. Þótt forsjárlaus foreldri séu tryggðar munnlegar upplýsingar um skólagöngu barns samkvæmt 52. gr. barnalaga nr. 76/2003 er óheppilegt að ekki sé í neinu minnst á þennan rétt til upplýsinga í ákvæði sem fjallar um upplýsingarétt foreldra.

Jafnframt er bent að að fyrirsjáanlegt er að aukinn kostnaður mun fylgja þessu ákvæði.

### Um 19. gr.

Lagt er til að í stað orðalags 1. mgr. um að skólastjóri skuli „leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur“ komi „.....skal skólastjóri leita leiða til úrbóta.“

### Um 20. gr.

Þótt ákvæðið sé að mestu sama efnis og ákvæði gildandi laga um gerð og kostun skólamanntvirkja er tilefni til þess að það komi fram í nefndarálitinu, til viðbótar athugasemddum með frumvarpinu, að ákvæðið komi ekki í veg fyrir að skólamanntvirki sé reist í einkaframkvæmd eða jafnvel tekið á leigu ef aðstæðum háttar þannig að það verði að teljast hagkvæmasti kosturinn.

Í lok 2. mgr. eru talin upp ýmis atriði sem stuðla eiga að vellíðan og öryggi nemenda í skólanum. Óheppilegt er að taka út nokkra þá þætti sem samkvæmt lögum ber að uppfylla við hönnun og útbúnað húsnæðis. Þess í stað er lagt til að í lok 2. mgr. fari út eftirfarandi: „...svo sem hvað varðar hentugan búnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu“. Þess í stað komi ný setning svo hljóðandi:

*„Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks“.*

### Um 21. gr.

Þótt hér sé með almennari hætti fjallað um umsjón skólamannvirkja og ráðstöfun þeirra en í gildandi lögum leysir það ekki að fullu þann ágreining sem á stundum hefur verið uppi milli skólastjóra og sveitarstjórna um ráðstöfun húsnæðis til annarrar starfsemi. Ágreiningurinn hefur snúist um það hvenær önnur starfsemi raskar lögbundinni notkun húsnæðis og virðist mat skólastjóra á því oft fara eftir því hvaða skólastjóri á í hlut. Þannig virðist skólastjóri enn geta einn meira og minna ákveðið hvað raski lögbundinni notkun húsnæðisins. Þannig gæti skólastjóri hugsanlega enn hafnað því að önnur starfsemi komi inn í skóla t.d. eftir klukkan tvö á daginn þegar skólavist barnanna er lokið þar sem vinnudegi kennara sé ekki lokið. Slíkt vinnur gegn ákvæðum laganna um samþættingu skóla og frístundastarfs þannig að vinnudagur barna sé óslitinn. Því væri til skýringar ef í áliti menntamálanefndar væru nefnd dæmi um hvað gæti talist raska lögbundinni notkun húsnæðis.

### Um 23. gr.

Alfarið er lagst gegn því að gjaldheimild skóla vegna skólamáltíða sé takmörkuð við hráefniskostnað eins og gert er í athugasemdum með ákvæðinu. Kostnaður sveitarfélaga við skólamáltíðir felst í meiru en aðkeyptu hráefni. Má á það minna að sumir skóla kaupa matinn að, án þess að kostnaður þess vegna sé sérstaklega aðgreindur í hráefniskostnað annars vegar og kostnað við að laga matinn og flytja hins vegar. Aðstæður skóla til að bjóða upp á skólamat eru jafnframt misjafnar. Sumir skólar búa yfir fullkomnu skólaeldhúsi en aðrir fá matinn aðsendan, hvort sem það er frá öðrum skóla eða þjónustuaðila á markaði. Þar sem gert er ráð fyrir að gjald vegna fæðis sé kostnaðartengt er ekki eðlilegt að í stórum sveitarfélögum þar sem starfa margir skólar sé einungis ein gjaldskrá. Því er lagt til að 2. ml. 1. mgr. 23. gr. hljóði svo:

*„Skólum er heimilt að taka gjald fyrir skólamáltíðir samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þeir setja.“*

Þá komi skýrt fram í nefndaráliti að sú heimild sé ekki bundin við hráefniskostnað heldur kostnaðarverð við gerð og framreiðslu skólamáltíða.

### Um 24. gr.

Það skýtur skökku við í ljósi anda frumvarpsins um aukinn sveigjanleika og fjölbreytileika í skólastarfi að á sama tíma er gert ráð fyrir aukinni miðstýringu af hálfu menntamálaráðuneytis með setningu aðalnámskrár en ákvæðið er mun ítarlegra en ákvæði gildandi laga. Ítarlegt ákvæði 24. gr. um hvað aðalnámsskrá skuli taka til má ekki standa í vegi fyrir því að markmið frumvarpsins um sveigjanleika og fjölbreytileika nái fram að ganga. Er fullt tilefni til þess að ákvæði frumvarpsins sé rýnt og að sú rýning skili sér í skýringum, ef ekki breytingartillögum, menntamálanefndar.

Lagt er til að í stað þess að í 3. mgr. sé kveðið á um bann við mismunun sé nálgunin með jákvæðum formerkjum og kveðið á um jafnan rétt barna og að ákvæðið verði svohljóðandi:

*„Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að tryggt sé jafnræði óháð uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.“*

**Um 25. gr.**

Hér er kveðið á um að nemendur skuli m.a. eiga val um námsaðferðir án þess að skilgreint sé hvað felist í hugtakinu „námsaðferð“. Mikilvægt er að það liggi fyrir hvort nemandi geti hafnað því að læra stærðfræði í gegnum myndlist svo dæmi sé tekið. Því er nauðsynlegt að hugtakið verði skilgreint.

**Um 26. gr.**

Ákvæðið gerir ráð fyrir auknu vali nemenda í námi sínu sem er jákvætt, ýtir undir sveigjanleika náms og mun að öllum líkindum efla kennslu í list- og verkgreinum. Rétt er þó að vekja athygli á því að ákvæðið mun hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin þar sem aðstaða fyrir list- og verkgreinakennslu í skólum, sérstaklega eldri skólum, miðast við þær kröfur sem er að finna í núgildandi lögum og námsskrá.

**Um 27. gr.**

Í 2. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og foreldrum þeirra. Vísað er til athugasemda við 18. gr. frumvarpsins varðandi stöðu forsjárlausra foreldra sem og að þetta fortakslausa bann kann að stangast á við áður nefnt ákvæði 52. gr. barnalaga.

Í 3. mgr. er kveðið á um rétt nemenda og foreldra til að fá niðurstöðu námsmats endurskoðað. Lagt er til að því verði sett tímamörk hversu lengi sá réttur stendur, t.d. innan mánaðar frá því að námsmat er afhent.

**Um 29. gr.**

Í 2. mgr. er kveðið á um að starfsáætlun skóla skuli árlega lögð fyrir nemendafélag. Vísað er til athugasemda við 9. gr. um aðkomu foreldrafélags. Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins fjallar skólaráð einnig um starfsáætlun skóla og er því lagt til að skólaráðinu sé bætt við í ákvæði 2. ml. 2. mgr. 29. gr. Þá segir í ákvæðinu að skólanefnd staðfesti gildistöku áætlunarinnar þegar fyrir liggur að hún sé m.a. í samræmi við kjarasamninga. Ekki verður komið auga á nauðsyn þess að skólanefnd, sem og allir umsagnaraðilar, þ.m.t. nemendafélög séu að yfirfara sérstaklega hvort starfsáætlun skóla sé í samræmi við kjarasamninga. Sveitarfélög skulu í allri sinni starfsemi virða kjarasamninga, ekki bara kjarasamninga kennara. Þá setja ýmsar stofnanir á vegum sveitarfélaga sér starfsáætlanir, ýmist á grundvelli laga sbr. t.d. heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eða samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélags um skipulag starfseminnar, án þess að talin sé sérstök þörf á að setja upp sérstakt kerfi nefnda og umsagnaraðila sem skulu kanna hvort slíkar áætlanir séu í samræmi við kjarasamninga. Með vísan til þess að ekki hefur borið á að sveitarfélög brjóti sérstaklega kjarasamninga gagnvart starfsfólki í skólum og þess sem áður er rakið er lagt til að 2. ml. 2. mgr. 29. gr. verði svohljóðandi:

*„Starfsáætlun skola skal árlega lögð fyrir skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag til umsagnar og fyrir skólanefnd til staðfestingar. Skólanefnd staðfestir gildistöku áætlunarinnar þegar fyrir liggur að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, aðalnamsskrá og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólalalds.“*

**Um 31. gr.**

Þótt ekki sé lagst gegn því að vettvangsferðir skuli að meginstefnu til vera gjaldfrjálsar sem hluti af skyldunámi þá er það afstaða Reykjavíkurborgar að ákvæðið eins og það er fram sett standi fjölbreytni í starfsemi skólanna fyrir þrífum.



Ekki nægir að heimilt sé að taka gjald vegna upphalds nemenda. Bent er á að ferðakostnaður nemenda getur verið mjög hár, t.d. þegar farið er landshluta á milli og blasir við að ef ekki verður hægt að innheimta slíkan kostnað mun það hafa áhrif á hvert farið er með nemenda. Minnt er á að alsíða er í eldri bekkjum grunnskóla að fara nemendur í lengri ferðalög, sem standa jafnvel í heila viku. Slík ferðalög eru jafnvel ekki bundin við ferðalög innanlands. Töluvert er um að skólar heimsæki skóla í vinabæjum á Norðurlöndum. Ákvæðið eins og það er úr garði gert vinnur gegn þeirri þróun en það er síst æskilegt. Þá verður að gera ráð fyrir því að frumkvæði geti komi frá foreldrum um að farið sé með nemendur í tiltekna vettvangsferð. Ákvæðið hindrar að skólinn geti mætt framkominni ósk foreldra þegar búið er að ráðstafa vettvangsfjármunum nema viðkomandi ferð teljist ekki hluti af skyldunámi. Þannig liggur fyrir að ákvæðið mun ekki aðeins hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin heldur virka hamlandi á úrval og fjölda vettvangsferða. Í samræmi við framansagt er lagt til að ákvæðið verði svohljóðandi:

*„Ferðalög sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda skulu almennt vera gjaldfrjáls. Þó er heimilt, í samráði við foreldra, að taka gjald fyrir einstakar ferðir, s.s. vegna upphalds nemenda og akstur eða ferðakostnað í lengri ferðum.“*

### Um 33. gr.

Ekki verður séð að þörf sé á að kveða sérstaklega á um heimildir sveitarfélaga til að bjóða upp á aukna þjónustu við börn í formi lengrar viðveru. Sveitarfélögum er þegar heimilt á grundvelli 7. gr. sveitarstjórnarlaga að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum. Þá er lengd viðvera alls ekki alltaf verkefni skólanna. Í Reykjavík sér ÍTR um lengda viðvera skólabarna. Að vísu fer hún fram í húsnæði skólanna í samræmi við heimild í 22. gr. gildandi grunnskólalaga um að sveitarstjórn sé heimilt að ráðstafa skólahúsnæði til æskulýðsstarfsemi en er að öllu leyti á ábyrgð ÍTR. Þá er lengd viðvera ekki hluti skóladagsins og þannig ekki hluti af gjaldfrjálsu skyldunámi nemenda og því ekki þörf á sérstakri lagaheimild til að innheimta gjald vegna þeirrar þjónustu sem felst í lengdri viðveru barna eftir skóladag. Lagt er til að lokamálsliður 1. mgr. sem og 2. mgr. falli brott og að ákvæðið verði svohljóðandi:

*„Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tímstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma.“*

### Um 36. gr.

Lagt er til breytt orðalag 1. mgr. og að hún hljóði svo:

*„Í hverjum grunnskóla fer stöðugt fram með kerfisbundnum hætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“*

Vakin er athygli á því að víða vantar þekkingu á skólasamfélaginu á því hvernig framkvæma á innra mat á skólastarfi og er því viðbúið að töluverður kostnaður muni fylgja innleiðingu matsins. Þá er á það bent að í dag er þetta mat á ábyrgð og kostnað ráðuneytisins.

**Um 37. gr.**

Það eftirlit og sú stjórnslá sem ákvæðið gerir ráð fyrir er flókið og viðamikili verk sem mun hafa í för með sér verulegan kostnað fyrir sveitarfélögin. Á það er bent að þetta mat er á ábyrgð og kostnað menntamálaráðuneytisins í dag. Vandséð er að þörf sé á árlegri upplýsingagjöf til ráðuneytis svo það geti sinnt eftirliti sínu og má raunar draga í efa að ráðuneytið gæti unnið úr öllu þessu magni upplýsinga árlega. Ætla verður að nægja myndi að ráðuneytinu væru látnar upplýsingarnar í té á þriggja ára fresti. Því er lagt til að 1. mgr. verði svohljóðandi:

*„Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahlálds, innra mat skóla, framgang skólastefnu sinnar og áætlánir um umbætur á þriggja ára fresti.“*

Þá er lagt til að í 2. mgr. falli brott orðalagið „...leitast við að...“ og að málsgreinin verði svohljóðandi:

*„Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“*

**Um 39. gr.**

Reykjavíkurborg fagnar því að horfið sé frá samræmdum prófum í núverandi mynd og könnunarpróf tekin upp í þeirra stað sem lögð verða fyrir að hausti.

**Um 40. gr.**

Í nógildandi grunnskólalögum er áhersla lögð á ráðgjöf og handleiðslu við kennara og skólastjórnendur. Lögð er áhersla á samspil einstaklingsins við hið félagslega umhverfi og stutt við kennara og skólastjórnendur í því verkefni að taka við og mæta margbreytilegum hópi nemenda og virða hann. Í frumvarpinu virðist sem minna sé gert úr ráðgjöf og handleiðslu við fagfólk skólanna. Þetta verður að telja miður. Jafnframt stangast það á við niðurstöðu könnunar sem nýlega var framkvæmd meðal kennara og skólastjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Þar kom fram að þeir óskuðu sérstaklega eftir aukinni ráðgjöf til starfsmanna skóla vegna barna með sérþarfir. Því er lagt til að áherslum í 2.ml. 1. mgr. 40. gr. verði breytt og 1. mgr. verði svohljóðandi:

*„Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðipjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðipjónustunni felst annars vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsmenn þeirra hvað varðar ráðgjöf og handleiðslu og hins vegar stuðningur við nemendur í námi og skólastarfi og foreldra hvað varðar nám þeirra.“*

**Um 43. gr.**


Ákvæðið er óljóst og allt of miklu vísað til ráðherra í formi heimildar til að setja reglugerð um framkvæmdina. Þannig verður ekki ráðið hvort skólanefnd sveitarfélags eigi að hafa eftirlit með einkaskólum, hvert slíkt eftirlit verður og í hvaða formi. Ákvæðið tekur ekki á öðru en að ráðherra megi viðurkenna slíka skóla enda liggi fyrir samþykki sveitarfélags og að slíkt samþykki megi binda við ákveðinn hámarksfjölda nemenda. Auk þess er kveðið á um að slíkir skólar eigi rétt á styrk úr sveitarsjóði og hvernig hann skuli reiknaður. Er nauðsynleg að kalla eftir að ákvæðið taki á því hver sé staða sjálfstætt rekinna skóla gagnvart sveitarfélögum og

skólanefndum sveitarfélaga varðandi fjárhagslegt og faglegt eftirlit. Það nægir ekki að um slíkt sé einvörðungu fjallað í reglugerð.

**Um 47. gr.**

Í 1. mgr. er almenn kærheimild til menntamálaráðherra vegna tiltekinna ákvarðana um rétt og skyldur nemenda í grunnskólum eða foreldra þeirra. Til þessa hefur verið ekki verið fullljóst hvaða ákvarðanir sæta kæru og þá til hvaða ráðuneytis. Niðurstöður stjórnvaldsákvarðana í grunnskólum landsins hafa ýmist sætt kæru til menntamálaráðuneytis eða til félagsmálaráðuneytis. Er jákvætt að þeirri óvissu er eytt með þessu frumvarpi enda verður að skilja frumvarpið svo að aðrar ákvarðanir en tilteknar eru sérstaklega í frumvarpinu sæti ekki stjórnsýslukæru.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn geti ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins að áður en hægt er að kæra ákvörðun skv. 1. mgr. skuli fyrst beina kæru til skólanefndar eða annars tiltekins aðila innan sveitarfélagsins. Almenn er gengið út frá því að sveitarstjórnarstigið sé eitt stjórnsýslustig. Að hér sé gert ráð fyrir að niðurstaða ákveðinna mála sæti stjórnsýslukæru innan sveitarfélagsins gengur þvert á það sjónarmið og er framandi.



Kristbjörg Stephensen